

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra.**

1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra er samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra með vísan til samþykktar nr. 633/2012 um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu Húnaþingi vestra.

2. gr.

Sorphirðugjald er sem hér segir:

Sorpgjald á íbúðarhúsnæði, regluleg sorphirða	kr. 28.500
Sorpgjald á lögbyli í rekstri þar sem ekki er hirt sorp	kr. 18.500
Sorpeyðingargjald, sumarbústaðir og íbúðir í dreifbýli þar sem ekki er hirt sorp	kr. 14.000
Sorpgjöld fyrirtækja í fyrrum Bæjarhreppi skv. lista sveitarstjórnar.	

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 21. nóvember 2013, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld brott gjaldskrá fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra nr. 1177/2012.

*Hvammstanga, 19. mars 2014.*

**Skúli Þórðarson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 3. apríl 2014